

# FUNDARGERÐ FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**177. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra miðvikudaginn 7. desember kl. 15:00 í fundarsal ráðhússins.**

## **Fundinn sátu:**

Mætt á fundinn Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Sigrún Waage aðalmaður, Ingibjörg Auðunsdóttir aðalmaður og Þorsteinn Guðmundsson varamaður.

## **Embættismenn:**

Jenný Þórkatla Magnúsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

## **Fundarritari:**

Jenný Þórkatla Magnúsdóttir

## **Dagskrá:**

1. Kl. 15.00. Elínborg Sigurgeirsdóttir skólastjóri Tónlistarskóla V-Hún. gerir grein fyrir starfi haustsins.
2. Kl.15.25. Karl Örvarsson skólabúðastjóri Skólabúða að Reykjum fer yfir starfsseminu og fyrirhugaðar breytingar á starfsmannahaldi.
3. Kl. 15.50. Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri Grunnskóla Húnaþings vestra fer yfir málefni skólaaksturs og stöðu skólamála m.t.t. nýundirritaðs kjarasamnings kennara og sveitarfélaga.
4. Önnur mál

## **Afgreiðslur:**

1. Elínborg Sigurgeirsdóttir, skólastjóri við tónlistarskóla Húnaþings vestra sagði frá starfi haustsins. Hún byrjaði á að láta fundarmenn fá punkta um starfið. Á haustönn 2016 voru 105 nemendaígildi. Færanleg stundaskrá sem gengur yfir 3 vikur í senn. Kennslan fer að mestu leiti fram í tónlistarskólanum. Nemendur spiluðu á þremur tónleikum á degi íslenskra tungu. Jólatónleikar í leikskólanum og í Hvammstangakirkju en þar verða flutt um 90 – 100 atriði. Elínborg minnr á að samningar eru lausir hjá tónlistakennurum og hafa verið frá 1. nóvember 2015. Hún óskar eftir að fræðsluráð komi að máli við sveitastjórn til að reyna að hafa áhrif á samninganefnd sveitafélaga. Einnig ræddi hún um húsnæðismál skólans þar sem kennt væri heima hjá kennurum og að húsnæði væri orðið of lítið. Í kringum 100 nemendur eru í skólanum og búið að byggja upp góðan hljóðfærarunn. Rætt var um að gera gæðakönnun á starfi tónlistaskólans og eru fræðsluráð og skólastjóri sammála um að koma henni af stað.
2. Karl Örvarsson framkvæmdastjóri skólabúðanna að Reykjum fór yfir starfsseminu . 3 starfsmenn hættu í haust og voru 3 starfsmenn ráðnir. 2 starfsmenn hætta núna um ármótin og búið er að manna stöðurnar að hluta. Á haustönn hafa 1483 nemendur heimsótt búðirnar og á vorönn eru 1795 skráðir og stefnir í að 3278 nemendur koma í skólabúðirnar þennan veturinn samkvæmt áætlun. Sveitafærðir höfðu fallið niður í haust vegna breyttra aðstæðna en unnið er að því að koma þeim á aftur. Rætt var um að gera gæðakönnun á starfi skólabúðanna og eru fræðsluráð og rekstraradili sammála um að koma henni af stað. Umsóknir eru byrjaðar að berast fyrir næsta skólaár.
3. Sigurður lagði fram erindi um að veitt yrði undanþága frá reglugerð um merkingu skólabifreiða. Fræðsluráð hafnar erindinu og ítrekar að þeir sem ekki eru með merkingar á skólabílum bæti úr

Því samanber reglugerð nr. 279/1989. Sigurður upplýsti fræðsluráð um nýjan samning við kennara, skiptar skoðanir eru um samninginn meðal kennara í Grunnskóla Húnaþings vestra en ekki er hægt að tala um ólgu.

4. Önnur mál.

Magnús leggur til að næsti fundur verður annan miðvikudag í janúar þann 11. kl. 15.00

Ekki fleira tekið fyrri fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið 17:10

---

Magnús Magnússon

---

G. Kristín Ólafsdóttir

---

Þorsteinn Guðmundsson

---

Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir

---

Sigrún Waage

---

Jenný Þórkatla Magnúsdóttir